

27. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn með fjarfundarbúnaði ZOOM miðvikudaginn 22. apríl 2020 klukkan 9:00, skv. samþykkt hreppsnefndar á 25. fundi sínum.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri. Einnig var mættur endurskoðandi sveitarfélagsins Auðunn Guðjónsson frá KPMG.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

- 1. Drög að ársreikningi sveitarsjóðs Ásahrepps 2019 (*framlagning og fyrri umræða*).**
Auðunn Guðjónsson frá KPMG var mættur á fundinn til að fara yfir og skýra ársreikning Ásahrepps og Ásaljóss fyrir árið 2019 ásamt endurskoðunarskýrslu. Lagðir voru fram ársreikningar Ásahrepps 2019 ásamt sundurliðunum, ársreikningur Ásaljóss 2019 og endurskoðunarskýrsla 2019. Auðunn kynnti framlögð gögn og svaraði framkomnum fyrirspurnum fulltrúa hreppsnefndar. Ársreikningi Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2019 vísað til annarrar og lokaumræðu á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar Ásahrepps, sem haldinn verður 20. maí 2020. Hreppsnefnd Ásahrepps mun einnig á næsta reglubundna fundi taka til afgreiðslu ársreikning Ásaljóss fyrir rekstrarárið 2019.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Guðmundur Jóhann Gíslason